

Alþingi, nefndasvið Þórshamri v/Templarasund 150 REYKJAVÍK	Reykjavík, 10. október 2014 2014010081
--	---

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um þriggja ára áætlun um eflingu heilbrigðisþjónustu, menntakerfis og velferðarþjónustu - 14. mál.**

**Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um tillögu til þingsályktunar um þriggja ára áætlun um eflingu heilbrigðisþjónustu menntakerfis og velferðarþjónustu, 14. mál.**

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 24. september 2014, þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa velferðarnefnd Alþingis umsögn um tillögu til þingsályktunar um þriggja ára áætlun um eflingu heilbrigðisþjónustu, menntakerfis og velferðarþjónustu, 14. mál. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um tillöguna.

Barnaverndarstofa telur það jákvætt að Alþingi samþykki þingsályktun um eflingu þeirra kerfa sem tillagan nær til. Hvað varðar velferðarþjónustu þá telur Barnaverndarstofa rétt að benda á að á að stór hluti velferðarþjónustu hvílir á sveitarfélögum landsins. Barnaverndarstofa hefur orðið vör við þröngan efnahag sveitarfélaga í kjölfar efnahagshrunsins 2008 og veldur það stofunni áhyggjum. Telur stofan þannig mikilvægt að í áætlun sem m.a. er ætlað að efla velferðarþjónustu þá verði jafnframt skoðað hvernig hægt er að efla sveitarfélögin í þeim störfum sem þau sinna og hvernig hægt er að tryggja að þau hafi fjárhagslega burði til þess að hafa nægt starfsfólk til að sinna verkefnum sem og fjárhagslegt svigrúm til þess að þjálfar og efla það starfsfólk svo það verði enn betur í stakk búið að sinna þeim flóknu verkefnum sem er falið að sinna, t.d. skv. barnaverndarlögum, lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum um málefni fatlaðs fólks.

Barnaverndarstofa veitir velferðarnefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllst  
f.h. Barnaverndarstofu



Heiða Björg Pálmadóttir  
lögfræðingur Barnaverndarstofu